

Nefndasvið Alþingis
b.t. atvinnuveganefndar
Austurstræti 8-10
101 Reykjavík

Reykjavík, 30. marz 2021

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um breytingu á lögum um velferð dýra nr. 55/2013, 543. mál

Félag atvinnurekenda (FA) vísar til ofangreinds þingmáls á þingskjali 908. Þar er lagt til að bannað verði að taka blóð úr fylfullum merum í þeim tilgangi að selja það eða vinna úr því vöru til sölu.

Sú starfsemi, sem flutningsmenn vísa til og vilja banna, á sér meira en 40 ára sögu á Íslandi. Lyfjaheildverzlunin G. Ólafsson hóf útflutning á blóðplasma úr fylfullum hryssum fyrir 1980. Árið 2000 var líftæknifyrirtækið Ísteka ehf. stofnað og vinnur það virka lyfjaefnið eCG úr hryssublóðinu, sem nánast allt er flutt út á alþjóðlegan markað. Úr efninu eru unnin frjósemislyf, sem notuð eru um allan heim í landbúnaði til meðferðar frjósemisvandamála í húsdýrum og samstillingar gangmála.

Ísteka er eini vinnsluaðili og útflytjandi slíkra lyfjaefna hér á landi. Starfsemin veltir nú um 1,7 milljörðum króna og eru tæplega 100 bændur í samstarfi við fyrirtækið. Hjá fyrirtækinu starfa um 40 manns, helmingurinn með háskólapróf. Hér er um að ræða mikilvæga nýsköpunarstarfsemi í landbúnaði, sem býr til verðmæti fyrir bændur og leiðir til útflutnings á afurðum líftækniiðnaðar.

Samkvæmt þeim upplýsingum sem FA hefur aflað sér um fyrirtækið er strangari rammi eftirlits um blóðmerahald og blóðtöku úr hryssum en um flesta aðra hagnýtingu dýra í landbúnaði. Ísteka starfar samkvæmt leyfi frá Lyfjastofnun, sem gefið er út í samræmi við evrópska staðla. Verksmiðja fyrirtækisins er tekin út og samþykkt af Lyfjastofnun Bandaríkjanna. Þá uppfyllir fyrirtækið alþjóðlega GMP-staðalinn, sem viðurkenndur er í lyfjaframleiðslu og afurðir og framleiðsluferlar eru samþykktir af þar til bærum alþjóðlegum aðilum.

Fyrirtækið er með starfsleyfi frá Umhverfisstofnun og starfsemin undir eftirliti Matvælastofnunar. Rannsóknir hafa sýnt að blóðgjafirnar stefni ekki heilsu hryssanna í voða og afföll hjá skepnunum eru þau sömu og hjá hrossum sem ekki gefa blóð. Einstakt í starfsemi Ísteka er að gerðir eru dýravelferðarsamningar við alla bændur sem eru í samstarfi við fyrirtækið. Þar eru ströng ákvæði um aðbúnað og meðferð dýranna og aðstöðu til blóðtöku, víðtækar heimildir til eftirlits hjá samstarfsbændum og bann við fóstureyðingum hjá blóðgjafahryssum. Þá eru skýr ákvæði um að blóðgjöf sé ekki heimil á býlum þar sem frávik í dýravelferð hafa komið upp að mati Matvælastofnunar. Þetta eru mun strangari skilyrði en aðrir kaupendur dýraafurða setja.

Mikilvægt er að hugað sé vel að dýravelferð í öllum landbúnaði. Landbúnaðarstarfsemi felur í mörgum tilvikum í sér hagnýtingu afurða af skepnum og verður ekki séð annað en að í þessu tilviki sé tekið tillit til velferðar dýranna þannig að til fyrirmyndar sé. Ekki verður hins vegar séð að það hvernig þessi starfsemi er stunduð í öðrum ríkjum, sem tilgreind eru í greinargerð frumvarpsins, skipti neinu máli hvað varðar dýravelferð á Íslandi.

Næði frumvarpið fram að ganga væri verið að hindra arðbæra útflutningsstarfsemi, sem skilar verulegum verðmætum til þjóðarbúsins. FA leggst því eindregið gegn samþykkt þess.

FA áskilur sér rétt til að koma á framfæri frekari athugasemdum á síðari stigum. Þá er félagið reiðubúið að funda með þingnefndinni.

Virðingarfyllst,



Ólafur Stephensen
framkvæmdastjóri FA